



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 5. október 2022



## **Þriðji fundur 65. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, miðvikudaginn 5. október 2022 kl. 12.00.**

Mættir voru Arnar Þorkelsson Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson, Ragnar Lárus Kristjánsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir og Jón Viðar Stefánsson.

Fjarverandi: Engin

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 8 mánaða uppgjör  
AP kynnti 8 mánaða uppgjör sambandsins og er reksturinn í jafnvægi.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
  - a. EHF þing  
GBO kynnti niðurstöður EHF þings sem fram fór í Lúxemborg í september. Meiri og meiri áhersla er á strandhandbolta og er það eh sem við verðum að skoða.
  - b. Ráðgjafaráð þjóðarhallar  
GBO kynnti stöðuna varðandi þjóðarhöll. Skipuð hefur verið ráðgjafarráð með 14 manns frá ÍSÍ til að aðstoða framkvæmdarnefndina.
  - c. Verkefni framundan  
RGG kynnti þau verkefni sem eru framundan næstu mánuði. A landslið karla leikur 2 leiki í undankeppni EM í næstu viku og svo mun kvennalandsliðið leika 2 leiki við Færeyjar í lok október og svo 2 leiki við Ísrael í forkeppni HM í byrjun nóvember.
  - d. Staða styrktaraðila  
RGG kynnti stöðu styrktaraðila en unnið er að klára styrktaraðila næstu 3 vikur
4. Ný keppnistreyja / Kempa  
RG kynnti tillögu af nýrri keppnistreyju með breytingum sem voru ræddar á síðasta fundi stjórnar. Skrifstofu var falið að klára hönnunina.
5. Formannafundur  
Formannafundur HSÍ verður miðvikudaginn 12. Október kl.17.30 á Ásvöllum.
6. Skipan nefnda  
Engar breytingar eru á landsliðsnefndum karla og kvenna, dómarnefnd, mótanefnd og fræðslunefnd milli ára og eru þær staðfestar.
7. Önnur mál  
RGG kynnti ráðningar á þjálfurum yngri landsliða

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari